

Fréttabréf



8. ÁRGANGUR // 1. TÖLUBLAÐ // JANÚAR 2010

**Tillögur
uppstillingarnefndar
fyrir aðalfund**

Umsókn um orlofsdvöl
- íbúðin á Spáni

Tilboðsferðir

Leiðari: Dökkt útlit



Bridge

Áfram heldur bridge-inn í Borgartúni 30. Þann 11. og 25. febrúar er tvímenningskeppni. 11. og 25. mars er hraðsveitakeppni og 9. apríl er einmenningur og uppgjör vetrarins.



Veiðikortið 2010

Veiðikortið mun verða til sölu á orlofsvef FIT á sama góða lága verðinu. Kortið kostar í lausasölu kr. 6.000, eins og í fyrra, en á orlofsvef FIT mun kortið kosta kr. 3.000. Hver félagsmaður mun get keypt 1 kort á þessum kjörum.

Út í bláinn



Ferðaklúbbur FIT og Fagfélagsins „Út í bláinn“ stendur fyrir göngu- og skemmtiferðum til vors og eru félagsmenn

hvatir til að nýta sér ferðirnar ásamt fjölskyldum. Ferðirnar eru þátttakendum að kostnaðarlausu - einungis þarf að koma með góða skapið og ævintýraþrána og síðan er gengið út í bláinn á vit ævintýrana.

Miðað er við að ferðir verði ávallt síðasta sunnudag mánaðarins fram í maí og er lagt af stað frá Borgartúni 30 kl. 10:00

Frekari upplýsingar á þjónustuskrifstofunni í síma 535 6000.

Fréttabréf FIT
1. tbl. 8. árg. janúar 2010

Félag iðn- og tæknigreina
Borgartúni 30 - Sími 535 6000 - www.fit.is
Ábyrgðarmaður: Hilmar Harðarson
Prentun: Stafræna prentsmiðjan ehf.



Dagbókin 2010

Allir félagsmenn eiga nú að hafa fengið senda dagbókina 2010. Bókin er sem fyrr sérhönnuð til að halda utan um tímaskriftir þannig að félagsmaðurinn geti sjálfur skráð við hvað er unnið á hverjum degi, en einnig skráð vinnutíma og borið saman við launaseðil.

Rétt er að benda á að fullt tungl og nýtt tungl hafa víxlust í bókinni, sem er sérlega bagalegt fyrir veiðimenn en auðvelt ætti að vera að komast hjá mistökum ef menn vita um villuna.



Nýtt félagsskírteini

FIT hefur nú gefið út ný félagsskírteini fyrir árið 2010 og eiga allir félagsmenn að hafa fengið það í hendur. Á skírteininu er sérstakt aðgangsnúmer sem gildir fyrir

aðgang viðkomandi að orlofsvefnum. Aftan á skírteininu eru svo upplýsingar um skrifstofur félagsins. Skírteinið

ætti alltaf að hafa meðferðis. Með því sanna menn félagsaðild sína á vinnustað eða fundum félagsins sé þess óskað en einnig opnar það aðgang að afsláttarkjörum sem FIT hefur samið um við sum fyrirtæki.

Útilegukortið 2010

Útilegukortið 2010 og Afsláttarkortið frítt með. FIT mun áfram bjóða félagsmönnum sínum uppá að kaupa Útilegukortið á sérstökum afsláttarkjörum. Útilegukortinu fylgir nú Afsláttarkortið 2010 en það kort veitir afsætti hjá yfir 200 þjónustuaðilum vítt og breitt um landið.

Fullt verð á Útilegukortinu er nú kr. 13.900 en á orlofsvef FIT verður hægt að kaupa kortið á kr. 10.400. Hver félagsmaður mun einungis geta keypt 1 kort á þessum kjörum.

Dökkt útlit framundan

Það á ekki af Íslendingum að ganga þessa dagana. Ekkert virðist ganga upp í efnahagsmálunum og ástandið versnar hratt. Skuldatryggingarálag ríkisins er eins og helíumblaðra þessa dagana, beint upp. Ástæðuna telja menn vera af tvennum toga. Í fyrsta lagi þjóðaratkvæðagreiðslan um Icesave og í öðru lagi ótryggt ástand á fjármálamarkaði. Í því samhengi eru fimm lönd í Evrópu nefnd sérstaklega þ.e. Portúgal, Ísland, Írland, Grikkland og Spánn og ganga þau undir uppnefninu „svínalöndin“ en sú nafngift skírskotar til fyrstu stafanna í nafni landanna (PIIGS) Ekki amalegur félagsskapur það.

Það virðist vera að stjórnámálamenn taki hagsmuni flokkanna framyfir hagsmuni þjóðarinnar, endalaust er karpað og öll orka fer í það. Þetta Icesave mál ætlar að þvælast fyrir okkur einhverja mánuði í viðbót og orsaka enn meiri samdrátt og hamlu fjármögnun á stórum framkvæmdum.

Atvinnuleysi hefur fram til þessa verið undir því sem búist var við en spáð hafði verið 10% atvinnuleysi um áramót en stóð þá í 8,2%. Síðan hefur sigið hratt á ógæfuhliðina og stefnir í verulega aukningu í janúar. Lítið virðist þokast í að koma nýjum verkefnum í gang og við blasir mikið viðvarandi atvinnuleysi. Það segir meira en mörg orð að á landinu öllu skuli einungis vera 103 störf í hefðbundinni vegagerð í 7 verkum, þar af helmingurinn í tveimur. Þess utan eru 160 önnur störf í vegagerð í 4 verkum þ.e. tveimur



jarðgöngum með um 50 störf í hvorum göngum, 40 störf í Landeyjarhöfn og 20 störf eru í nýrri brú yfir Hvítá. Þess utan er gegndarlaus niðurskurður á öllum sviðum hjá ríkinu og litlar efndir á stöðugleikasáttmálanum hvað varðar framkvæmdir.

Við hljótum að gera kröfu til þess að fundnar verði leiðir til að fara í mannfrek viðhaldsverkefni um allt land. Í því sambandi er rétt að benda á fjölmargar eignir ríkisins, smáar og stórar sem sárlega þarfnast viðhalds. Sama má segja um sveitafélög og einstaklinga sem huga þurfa að eignum sínum. Nú eiga allir þess kost að fá virðisauka endurgreiddan af viðhaldsframkvæmdum, líka sveitarfélög, svo ekki stendur það í veginum og ætti einnig að hamlu gegn svartri atvinnustarfsemi. Það er margt hægt að gera ef viljinn er fyrir hendi og hagsmunir þjóðarinnar settir í forgang.

Hilmar Harðarson, formaður FIT.



Jólaball FIT var haldið í Glæðheimum, Álalind 3 í Kópavogi, þriðjudaginn 29. desember. Dansað var í kringum jólatréð og jóla-sveinarnir komu í heimsókn með góðgæti handa börnunum.

UMSÓKN UM ORLOFSDVÖL Á SPÁNI EÐA FERÐATILBOÐ SUMARIÐ 2010



Hægt er sækja um á orlofsvef félagsins www.fit.is. Einnig er hægt að senda umsóknir til Félags iðn- og tæknigreina, Borgartúni 30, 105 Reykjavík. Fax 5356020 - Sími 5356000 - Tölvupóstur: orlof@fit.is
Hægt er að fylla umsóknina út og senda hana sem viðhengi í tölvupósti, með faxi eða pósti.

Nafn _____ Kennitala _____
Heimili _____ Póstnúmer _____
Vinnustaður _____ Sími (gsm) _____

TORREVIEJA Á SPÁNI

Verð fyrir íbúðina í Torrevieja er kr. 60.000 (lokaþrif innifalin) og einungis leigð til tveggja vikna í senn. Leigjendur sjá alfarið um að koma sér til Torrevieja en Iceland Express flýgur til Alicante á mánudögum, miðvikudögum og laugardögum í sumar og er rétt að benda á að betra er að ganga frá flugi fyrir en seinna. Mörg lággjaldaflugfélög fljúga til Alicante t.d. frá London og Kaupmannahöfn en allar upplýsingar um þau flug má sjá á vef Iceland Express.

FERÐATILBOÐ SUMARFERÐA, PLÚSFERÐA EÐA ÚRVALS-ÚTSÝNAR

Að þessu sinni er boðið upp á 30 tilboðsferðir að eigin vali til einhvers af áfangastöðum Sumarferða, Plúsferða eða Úrvals-Útsýnar. Félagsmenn sækja um til félagsins og þeir sem fá úthlutað þurfa að greiða kr. 5.000 fyrir staðfestingu á afslætti uppá kr. 35.000. Viðkomandi fær úthlutað afsláttarnúmeri sem hann í framhaldinu getur framvísað hjá ofangreindum ferðaskrifstofum eða notað beint á vef viðkomandi ferðaskrifstofu og nýtt sér þannig afsláttinn. Ferðatilboðið gildir í allar pakkaferðir ofangreindra ferðaskrifstofa á tímabilinu frá maí til loka september 2010.

Hér fyrir neðan er gefinn kostur á að sækja um tvo valkosti Torrevieja á Spáni og ferðatilboð með Sumarferðum, Plúsferðum eða Úrvali-Útsýn. Merkið með tölunni 1 sem fyrsta valkost en 2, 3, 4, 5 eða 6 til vara.

Vika nr.	1	2	3	4	5	6	7
Upphafsdagur	17. maí	31. maí	14. júní	28. júní	12. júlí	26. júlí	9. ágúst
Lokadagur	31. maí	14. júní	28. júní	12. júlí	26. júlí	9. ágúst	23. ágúst
Torrevieja							

Ferðatilboð Sumarferða, Plúsferða eða Úrvals-Útsýnar	
--	--

UMSÓKNIR VERÐA AÐ HAFA BORIST TIL FIT Í SÍÐASTA LAGI 8.FEBRÚAR

Sjá nánar á www.fit.is – www.sumarferdir.is – www.plusferdir.is – www.uu.is



Upplýsingar um íbúðina á Spáni

Heimilisfang: El Molino, Calle Vial de Ronda, Tomillo y Plaza del Molino, Fase II, Torre Vieja, Alicante Spánn, (5 hæð íbúð nr.9). Íbúðin er með tveim svefnherbergjum, salerni, eldhúsi, stofu og svölum. Svefnaðstaða er fyrir sex manns, hjónarúm, tvö stök rúm og svefnsófi í stofu. Í íbúðinni er allur búnaður í eldhúsi, þvottavél, sjónvarp, straujárn ofl.

ÍBÚÐIN ER Á EFSTU HÆÐ (5. HÆÐ). LYFTA ER Í HÚSINU.

Örstutt er niður á strönd og í stóra verslun þar sem hægt er að versla fatnað, húsgögn, matvörur og margt fleira. Þar við hliðina er keiluhöll, spilasalur, bíó, matvöruverslun og margir veitingastaðir. Stutt frá íbúðarblokkinni er Evrópugarðurinn. Þar eru leiktæki fyrir börn, hægt að fara með nesti eða kaupa léttar veitingar.

Reglur um endurgreiðslu á húsinu í Orlando

Vegna þeirrar miklu fjarlægðar og kostnaðar sem er af ferð í orlofshúsið í Orlando reyndist nauðsynlegt að setja reglur um endurgreiðslu á húsaleigu þar.

REGLURNAR ERU EFTIRFARANDI:

- Sé afbókað áður en 8 mánuðir eru í leigu er haldið eftir 10% af leigu
- Sé afbókað síðar en meira en 6 mánuðir eru í leigu er haldið eftir 25% af leigu.
- Sé afbókað síðar en meira en 4 mánuðir er í leigu skal halda eftir 50% af leigu.
- Sé minna en 4 mánuðir í leigu er ekkert endurgreitt.

Endurleigist húsið allt afbókunartímabilið er endurgreitt allt nema 10% Endurleigist húsið hluta af afbókunartímabilinu eru 10% dregin frá og afgangurinn endurgreiddur hlutfallslega.

Í sólina með Úrvali-Útsýn, Plúsferðum eða Sumarferðum

FIT, í samvinnu við ferðaskrifstofuna Sumarferðir, Úrval-Útsýn og Plúsferðir, býður félagsmönnum uppá 30 tilboðsferðir til einhvers af áfangastöðum ferðaskrifstofanna sumarið 2010.

Fyrirkomulagið verður með þeim hætti að félagsmenn senda inn umsókn um afsláttarkjör til FIT fyrir 10.febrúar og verður úthlutað eftir punktastöðu félagsmanns í orlofssjóði, þ.e. sá sem hefur flesta punkta fær fyrst og svo koll af kolli.

Sá sem fær úthlutun verður að greiða 5.000 krónur fyrir 35.000 króna afslátt þannig að raunafsláttur er 30.000 krónur. Með staðfestingu frá FIT fer félagsmaðurinn til einhvers af ferðaskrifstofunum og framvísar plagginu og fær afslátt á ferð sem hann hefur pantað eða ætlar að panta til einhvers af áfangastöðum ferðaskrifstofanna.

Umsóknir skulu berast með tölvupósti á orlof@fit.is eða til skrifstofu félagsins að Borgartúni 30, 105 Reykjavík.

UMSÓKNIR VERÐA AÐ Hafa BORIST TIL FIT Í SÍÐASTA LAGI 8.FEBRÚAR

Allar nánari upplýsingar hjá þjónustuskrifstofunni í síma 535 6000



TILLAGA UPPSTILLINGARNEFNDAR FÉLAGS IÐN- OG TÆKNIGREINA FYRIR AÐALFUND 2010

TILLAGA UPPSTILLINGARNEFNDAR UM HLUTA STJÓRNAR TIL ÁRSINS 2012:

Varaformaður: Tryggvi F. Arnarson
Gjaldkeri: Ármann Ægir Magnússon
Meðstjórnandi: Einar Þór Gíslason
Meðstjórnandi: Sveinn Jónsson
Meðstjórnandi: Andrés H. Hreinsson
Meðstjórnandi: Helgi Pálsson
Varamaður: Helgi Ólafsson
Varamaður: Logi Halldórsson
Varamaður: Rúnar Bogason

Tillaga uppstillingarnefndar fyrir aðalfund 2010 um aðal- og varamenn í helming trúnaðarráðs til ársins 2012:

Aðalmenn:

2. Kristján Þórðarson,
húsasmiður, Vík
4. Kristján Geir Jóhannesson,
bifvélavirki, Kópavogi
6. Kristinn Bjarnason
bifvélavirki, Reykjavík
8. Sigfús Birgir Haraldsson,
bifvélavirki, Reykjavík
10. Magnús Sigurðsson,
blikksmiður, Selfossi
12. Reynir Pálmason,
bifvélavirki, Reykjavík
14. Finnur Traustason,
málari, Reykjavík
16. Ása Jóhannsdóttir,
garðyrkjumaður Reykjavík
18. Guðmundur Ottósson,
bifreiðasmiður, Reykjavík
20. Reynir Olgeirsson,
blikksmiður, Reykjavík
22. Bjarni E. Gunnarsson,
vélvirki Akranesi
24. Benedikt Jónsson,
garðyrkjum., Reykjavík
26. Birgir Gíslason,
málari, Reykjavík
28. Hlynur Kristjánsson,
húsasmiður, Reykjanesbæ
28. Stefán Agnarsson,
vélvirki, Vestmannaeyjum
30. Árni Stefánsson,
pípulagningamaður, Reykjavík
32. Valdimar Birgisson,
múrari

TILLAGA STJÓRNAR UM UPPSTILLINGARNEFND 2010

Einar Þór Gíslason, *bifreiðasmiður*
Ólafur Hafsteinsson, *bifvélavirki*
Birgir Gíslason, *málari*
Sigurður Hafliðason, *garðyrkjumaður*
Guðmundur Bergsson, *húsasmiður*

VARAMENN Í TRÚNAÐARRÁÐI TIL ÁRSINS 2012:

34. Gunnar Geir Ólafsson
bifvélavirki, Mosfellsbær
36. Rúnar Breiðfjörð Ásgeirsson,
bifvélavirki, Reykjavík
38. Eiríkur Gunnarsson,
bifvélavirki, Reykjavík
40. Guðmundur B. Guðmundsson,
húsasmiður, Reykjavík.
42. Jón Kristinn Snorrason,
málari, Reykjavík
44. Hjörtur Óli Sigurþórsson,
blikksmiður, Reykjavík
46. Magnús Heiðar Þorgeirsson,
blikksmiður, Reykjavík
48. Jón Kristinn Valsson,
bifvélavirki, Kópavogi
50. Rúnar H. Hauksson,
bifreiðasmiður, Reykjavík
52. Ingibjörg Jónsdóttir,
húsasmiður, Þorlákshöfn
54. Grímur Björnsson
vélvirki, Akranesi
56. Ólöf Anna Ólafsdóttir,
garðyrkjum., Reykjavík
58. Linda Þorvaldsdóttir,
málari, Reykjavík
60. Adólf Sigurgeirsson
málm., Reykjanesbæ
62. Jóhannes Grettisson,
húsasmiður, Vestmannaeyjum
64. Magnús Már Haraldsson
pípulagningamaður
66. Sveinbjörn Örn Arnarson,
múrari

**TILLAGA UPPSTILLINGARNEFNDAR UM
AÐAL- OG VARAFULLTRÚA Á AÐALFUND
LÍFEYRISJÓÐS VESTMANNAEYJA ÁRIÐ 2010.**

1. Stefán Agnarsson
2. Rúnar Bogason

**TILLAGA UPPSTILLINGARNEFNDAR UM
AÐAL- OG VARAFULLTRÚA Á AÐALFUND
LÍFEYRISJÓÐS RANGÆINGA ÁRIÐ 2010.**

1. Árni Þorgilsson
2. Ingólfur Rögnvaldsson

**TILLAGA UPPSTILLINGARNEFNDAR Á
AÐALFUNDI 2010 UM KJÖRSTJÓRN TIL
ÁRSINS 2011:**

Aðalmenn:

Tryggvi Bjarnason,
bifvélavirki, Reykjavík
Kristinn Bjarnason,
bifvélavirki, Reykjavík

Varamenn:

Sigurður Hafliðason,
garðyrkjumaður, Reykjavík
Arnar Helgason,
húsasmiður, Hafnarfirði

**TILLAGA UPPSTILLINGARNEFNDAR UM
AÐAL- OG VARAFULLTRÚA Á AÐALFUND
FESTU LÍFEYRISJÓÐS ÁRIÐ 2010:**

1. Ólafur Magnússon
Heiðargarði 24, Reykjanesbæ
2. Gunnlaugur Hauksson
Hjallagötu 1, Sandgerði
3. Hlynur Kristjánsson,
Hlíðavegi 70, Reykjanesnesbæ
4. Logi Halldórsson
Smáratúni 27, Reykjanesbæ
5. Guðjón Þórhallsson
Lyngholti 20, Reykjanesbæ
6. Ásbjörn Árnason
Borgarbraut 3, Sandgerði
7. Sigurður Geirfinnsson
Greniteig 23, Reykjanesbæ

**TILLAGA UPPSTILLINGARNEFNDAR
Á AÐALFUNDI 2010 UM FÉLAGSLEGA
SKOÐUNARMENN REIKNINGA TIL ÁRSINS
2011.**

Aðalmenn:

Erlendur Eiríksson,
málari, Garðabæ
Ólafur Hafsteinsson,
bifvélavirki, Hafnarfirði

Varamenn:

Unnar Friðrik Sigurðsson,
vélvirki, Akranesi
Margrét Hálfðánardóttir,
garðyrkjumaður Reykjavík

**TILLAGA UPPSTILLINGARNEFNDAR UM
FULLTRÚA Á ÁRSFUND ASÍ ÁRIÐ 2010:**

1. Hilmar Harðarson
2. Tryggvi Arnarsson
3. Sveinn Ingason
4. Ármann Ægir Magnússon
5. Gunnar Björn Gunnbjörnsson
6. Vilhjálmur Gunnarsson
7. Ólafur Magnússon
8. Georg Óskar Ólafsson
9. Helgi Pálsson
10. Guðlaugur Karlsson
11. Sveinn Jónsson
12. Einar Þór Gíslason
13. Helgi Ólafsson
14. Þorsteinn Kristmundsson
15. Andrés Hreinsson
16. Ólafur Hafsteinsson
17. Kristján Þórðarson
18. Hermann Guðmundsson
19. Sigríður Runólfssdóttir
20. Logi Halldórsson

**TILLAGA UPPSTILLINGARNEFNDAR UM
AÐAL- OG VARAFULLTRÚA Á AÐALFUND
SAMEINADA LÍFEYRISJÓÐSINS ÁRIÐ 2010:**

1. Hilmar Harðarson,
Grettisgötu 37, 101 Reykjavík
2. Tryggvi Arnarsson,
Skólavörðurstíg 16a, 101 Reykjavík
3. Sveinn Ingason,
Hólabraut 2, 220 Hafnarfirði
4. Ármann Æ. Magnússon,
Lyngheiði 24, 810 Hveragerði
5. Georg Óskar Ólafsson,
Grenimel 22, 107 Reykjavík
6. Helgi Pálsson Miðhúsum
30, 112 Reykjavík
7. Guðlaugur Karlsson,
Ofanleiti 19, 103 Reykjavík
8. Einar Þór Gíslason,
Fjörugranda 12, 107 Reykjavík
9. Vilhjálmur Gunnarsson,
Laugarbraut 13, 300 Akranes
10. Gunnar Björn Gunnbjörnsson
Melseli 4, 109 Rvk.
11. Andrés H. Hreinsson,
Sjávargötu 22, 225 Bessastaðahreppi
12. Sveinn Jónsson,
Grundargerði 17, 108 Reykjavík
13. Þorsteinn Kristmundsson,
Drekavöllum 24b, 221 Hafnarfirði
14. Helgi Ólafsson
Skógarási 1, 110 Reykjavík
15. Ólafur Hafsteinsson
Dvergholti 27, 220 Hafnarfirði
16. Hermann Guðmundsson,
Heiðarbæ 2, 110 Reykjavík
17. Kristján Geir Jóhannesson,
Efstahjalla 9, Kópavogi



MIKILVÆG ÁKVÖRÐUN

EKKI MISSA AF KJARABÓT

Séreignarsparnaður tryggir þér mótframlag frá vinnuveitanda þínum. Vegna mótframlagsins og hagstæðrar skattlagningar stenst enginn sparnaður samanburð við séreignarsparnað.

Taktu ákvörðun um að leggja fyrir í séreignarsparnað annars missir þú í rauninni af umsömdum kjarabótum.

Kynntu þér þjónustu Sameinaða lífeyrissjóðsins á lifeyrir.is eða hringdu í síma 510 5000.



Borgartúni 30 • 105 Reykjavík • S. 510 5000 • lifeyrir.is